

Reynir Leví Guðmundsson – framboð til stjórnar Lífsverks

Ég er 52 ára og hef doktorspróf í hagnýttri stærðfræði frá Kungliga Tekniska Höskolan. Áður lauk ég M.Sc.-gráðu í vélaverkfræði frá Georgia Institute of Technology og cand.scient.-gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði. Ég starfa núna hjá Verkís, aðallega við straumfræðiútreikninga, en kem einnig að kostnaðargreiningum og ýmsum tölfræðiverkefnum.



Það er ánægjulegt að sjá hvernig rekstur og ávöxtun lífeyrissjóðsins hefur gengið undanfarin ár og mikilvægt að tryggja áframhaldandi árangur. Ég tel að reynsla mín geti komið sjóðnum að góðum notum, enda hef ég á mínum starfsferli öðlast töluverða þekkingu á fjármálamörkuðum.

Í rúm ellefu ár starfaði ég við ýmis verkefni í fjármálageiranum, lengst af hjá Fjármálaeftirlitinu. Þar sinnti ég áhættugreiningu og tók þátt í mótun laga og reglugerða, sem hefur veitt mér víðtæka þekkingu á regluverkinu. Auk þess hef ég starfað hjá eftirlitsskyldum aðilum og öðlast hagnýta reynslu af því starfsumhverfi.

Það er sameiginlegt hagsmunamál okkar allra að rekstur Lífsverks sé bæði traustur og stöðugur, enda leggur hann grunn að góðum lífsgæðum eftir starfslok. Því skiptir miklu máli að í stjórn sjóðsins sé hæft og metnaðarfullt fólk, sem er reiðubúið að leggja á sig þá vinnu sem þarf til að takast á við þau verkefni sem stjórninni eru falin. Sem stjórnarmaður í Lífsverk mun ég leggja áherslu á eftirfarandi:

- **Starfsemi sjóðsins** – Stærsta hlutverk stjórnarfólks er að veita starfsfólki bæði stuðning og aðhald. Reynsla mín í þessum geira gefur mér góða innsýn í þau verkefni sem skipta máli og eru sjóðsfélögum til hagsbóta.
- **Umsýslukostnaður** – Þrátt fyrir stærð er Lífsverk fremur lítill lífeyrissjóður og nýtur því ekki sama stærðarhagkvæmis og stærri sjóðir. Einnig má gera ráð fyrir að ytri kröfur aukist, sem getur haft áhrif á rekstur sjóðsins. Mikilvægt er að leita hagkvæmra lausna í þessu samhengi og jafnframt skoða leiðir til að gera sjóðinn enn eftirsóknarverðari fyrir sjóðfélaga.
- **Áhættudreifing sjóðsins og fjárfestingar** – Lykilatriði í rekstri lífeyrissjóða er áhættudreifing eigna, þar sem hún hefur veruleg áhrif á langtímaafkomu sjóðsins. Því er mikilvægt að greina þá óvissu sem er til staðar og fylgjast með síbreytilegum fjárfestingartækifærum. Í þessu samhengi skiptir miklu máli að skilja það flækjustig sem felst í afurðum markaðarins.
- **Upplýsingagjöf til sjóðsfélaga** – Að mínu mati hefur upplýsingagjöf batnað töluvert á undanförunum árum. Mikilvægt er að halda þessari þróun áfram og tryggja að nauðsynlegum upplýsingum sé komið á framfæri á skilmerkilegan hátt til sjóðfélaga.

Yfirlit starfsferils

- 2022 – **Verkís** – Straumfræði, kostnaðargreiningar og tölfræði
- 2023 – Stjórnarmaður í sjúkrasjóði **VFÍ**
- 2020 – 2022 **Hagstofa Íslands** – Tölfræðingur í launa- og tekjutölfræði
- 2016 – 2020 **Íslensk erfðagreining** – Vísindamaður við erfðarannsóknir
- 2014 – 2021 **Íþróttafélag Reykjavíkur** – Gjaldkeri í aðalstjórn
- 2010 – 2016 **Fjármáleftirlitið** – Sérfræðingur í áhættugreiningu og eftirliti
- 2009 – 2011 **Háskóli Íslands** – Stundakennari í tölfræði og leiðbeinandi í M.Sc. námi
- 2009 – 2010 **Arion banki** – Sérfræðingur í útlánaáhættu
- 2008 – 2009 **Oliver Wyman** – Ráðgjafi í verðmatsvinnu
- 2005 – 2008 **Landsbanki Íslands** – Áhættustýring, viðskiptagreining og verkefnastjórnun
- 2005 – 2005 **Háskólinn í Reykjavík** – Stundakennari í aðgerðarannsóknum